Bændur í Holti
í Stokkseyrarhreppi.

Skráð hefur Sigurgrímur Jónsson - eftir frásögn Einars á Tóftum .

1921 Sigurgrímur Jónsson

1888 - 1921 Jón Jónsson

1877 - 1888 Ingimundur Gunnarsson frá Hæringsstöðum - kona hans Guðrún Andrésdóttir, Holti, Þórarinssonarr. Andrés bjó áður í Brattsholti. Hann var hálfbróðir Sveinbjarnar föður Snorra á Hæringsstöðum. Kona Andrésar var Björg Eggertsdóttir prests Bjarnasonar - síðast prests í Stafholti. Björg þessi ólst upp í Hraungerði hjá séra Sigurði Gíslasyni Thorarensen frá Odda. Andrés var smiður á tré ogjárn, söngmaður ágætur víðlesinn og margt vel gefið, en skapsmunir svo erfiðir - bráðlyndur- að það stóð honum til baga. Formaður í Selvogi. - Lágur maður, hnellinn með kragaskegg, fjörmaður.

1848 - 1863 Jón Pálsson - úr uppsveitum - faðir Bjarna sem bjó á Leiðólfsstöðum fram um 1910, og „Holts Þóru" eða „Háu Þóru" sem svo var kölluð og dvaldist í Gaulverjabæjarhreppi. Kona Jóns var Guðrún Bjarnadóttir frá Sviðugörðum, Ormssonar, er átti 10 börn - m.a. Guðmund, föður Þorvarðs hreppstjóra í Sandvík.
Jón Pálsson drukknaði á Stokkseyri 1863, með Tyrfingi Snorrasyni frá Efra-Seli.
Samtíða Jóni Pálssyni bjó og í Holti Páll Guðnason frá Skeiðárholti, faðir Hafliða á Helgastöðum, Stokkseyri og Eiríks í Simbakoti og Litlu- Háeyri - þeir voru fyrri konu börn - Ásríðar, systur Eiríks er bjó í Brú, föður Ástríðar í Skálavík. Ástríður þessi dó 1861. Síðari kona Páls var Sólveig - úr Ölvesi. Bjuggu þau á Hæringsstöðum, samtíða Gunnari og síðar í Simbakoti. Áttu fjölda barna. Bróðir Páls var Hafliði á Tóftum en kona hans Guðrún, var systir fyrri konu Páls og tóku þau Helga Pálsson til fósturs er móðir hans dó.

Skrifað 3.4.1938.

Viðbót Björns í Fagurgerði:
Eiríkur Eiríksson bóndi í Brú bjó í Holti 1861 - 1862. Þar fæddist Ástríður í Skálavík.